


UNGSVEIT SÍ

Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

2010/11



AÐALSTYRK TARÁÐILAR

---

BORGUN



Morgunblaðið



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói laugardaginn 2. október kl. 17:00

**Rumon Gamba**, hljómsveitarstjóri

**UNGSVEIT SÍ**

**Modest Músorgskij**

**Nótt á nornagnípu (1867/1886)**

**Pjotr Tsjajkofskij**

**Sinfónía nr. 4 í f-moll op. 36 (1877–78)**

Andante sostenuto – Moderato con anima

Andantino in modo di canzone

Scherzo: Pizzicato ostinato – Allegro

Finale: Allegro con fuoco



**RÁS 1**

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af RÚV og verður þeim útvarpað á Rás 1 kl. 19 að kvöldi fimmtudagsins 14. október.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á meðan tónleikum stendur.



Rumon Gamba nam við Konunglegu tónlistar-akademíuna í London undir handleiðslu Colin Metters. Hann hefur komið fram sem gestastjórnandi með flestum helstu hljómsveitum Bretlandseyja og hefur starfað með fjölda þekktra hljómsveita á meginlandinu, m.a. Fílharmóníusveitinni í München, Útvarpshljómsveitinni í Berlín og Sinfóníuhljómsveitinni í Barcelona. Hann hefur einnig stjórnað Sinfóníuhljómsveitunum í Toronto, Sydney, Melbourne og Tókýó, sem og Fílharmóníuhljómsveitinni í New York. Hann þreytti frumraun

sína við Ensku þjóðaróperuna vorið 2008 í *Candide* eftir Leonard Bernstein.

Rumon er sammingsbundinn Chandos-útgáfunni og hefur hljóðritað fjölda hljómdiska með Fílharmóníusveit Breska ríkisútvarpsins. Hljómdiskar hans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa hlotið afbragðs dóma víða um heim, og í desember 2008 var fyrsti diskurinn í útgáfuröð hljómsveitarverka eftir Vincent d'Indy tilnefndur til hinna virtu Grammy-verðlauna. Annar diskur í röðinni var valinn einn af diskum mánaðarins hjá hinu virta tónlistartímariti *Gramophone*, og nú í vor kom sá þriðji á markað. Hefur hann þegar fengið hin lofsamlegustu ummæli, meðal annars fimm stjórnur í tónlistartímariti breska útvarpsins, *BBC Music Magazine*. Rumon gegndi stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar 2002–2010, en er nú aðalstjórnandi NorrlandsOperan sinfóníuhljómsveitarinnar í Svíþjóð.

## UNGSVEIT SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS



Ungsveit SÍ tók til starfa haustið 2009 og lék þá símfóníu nr. 5 eftir Dmítrij Sjostakovitsj undir stjórn Rumons Gamba við afar góðar viðtökur. Markmið Ungsveitarinnar er að gefa tónlistarnemendum tækifæri til að kynna hinum símfóníska heimi undir leiðsögn þeirra fremstu í greininni. Hljómsveitin er nú

skipuð um 80 ungmennum, en í maí síðastliðnum voru haldin þrjú prófuspil þar sem yfir 130 hljóðfæranemar kepptu um sæti. Aðstæður og umgjörð þrjú prófuspilanna voru með sama hætti og þegar hljóðfæraleikarar prófuspila fyrir stöður í Símfóníuhljómsveit Íslands. Æfingar Ungsveitarinnar hafa staðið frá 18. september, en þær fara að mestu fram í Háskólabíói og eru skipulagðar með sama hætti og æfingar SÍ.

Þetta er í annað sinn sem Ungsveitin leikur undir stjórn Rumons Gamba, en á næsta ári tekur svissneski stjórnandinn Baldur Brönniman við taumunum. Hann hefur mikla reynslu af að vinna með bæði atvinnu- og nemendahljómsveitum, og má nefna að hann mun stjórna Símfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum 3. febrúar næstkomandi. Á næstu Ungsveitartónleikum, sem fara fram í stóra sal Hörpu laugardaginn 5. nóvember 2011, verður flutt símfónía nr. 5 eftir Gustav Mahler. Prófuspil fara fram í júní 2011 og verða þau auglýst nánar snemma á næsta ári.



Þegar Modest Músorgskíj (1839–1881) kvaddi þennan heim langt fyrir aldur fram skildi hann eftir sig fjöldan allan af ófullgerðum tónsmíðum í handriti, enda hafði áralöng ofdrykkja gert honum ókleift að sinna tónsköpun sinni sem skyldi. Músorgskíj var einstaklega hæfileikaríkur og að mestu sjálfmenntaður í tónlist. Hann tilheyrði hópi hinna „fimm fræknu“ – ásamt tónskáldunum Balakírev, Borodín, Cui og Rimskíj-Korsakov – sem höfðu á stefnuskrá sinni að skapa þjóðlega rússneska tónlist og að reiða sig ekki um of á stíl og reglur hinna öldnu þýsku meistara. Þó þóttu mörg verka Músorgskíjs of gróf í framsetningu

jafnvel fyrir þennan fremur framsækna félagsskap, og eftir lát tónskáldsins eyddi félagi hans Rimskíj-Korsakov löngum stundum í að „betrumbæta“ þau, gera þau fágæðri og aðgengilegri. Þannig var því háttað með *Nótt á nornagnípu* frá 1866-67, sem Rimskíj-Korsakov „lagaði til“ fimm árum eftir lát Músorgskíjs. Það var í útgáfu Rimskíj-Korsakovs sem verkið sló í gegn um allan heim, og hún hljómar einnig á tónleikum Ungsveitarinnar í dag. Sumir gengu enn lengra í að glamúrvæða hráan tónsmíðastíl Músorgskíjs, til dæmis Leopold Stokowski í sérdeilis litríkri útsetningu frá árinu 1940, sem meðal annars var notuð í teiknimyndinni *Fantasíu* og einnig heyrst af og til á tónleikum. Það er ekki fyrr en á allra síðustu áratugum sem upphafleg gerð verksins hefur hlotið þann sess sem henni ber í tónleikasölum heimsins.

Hugmynd Músorgskíjs að verkinu tengdist upphaflega tónlist við leikrit Georgy Mengdens, „Nornin“, en er einnig innblásin af rússnesku sögninni um djöfladýrkun sem sagt er að eigi sér stað á Trigalaff-fjalli á Jónsmessunótt. Nornirnar eiga fund á fjalli einu og bíða þess að Kölski birtist þeim. Þegar hann kemur umkringja þær hástól hans og færa honum þakkir. Í sameiningu halda þau svarta messu, en þegar nornalætin og djöfulgangurinn standa sem hæst heyrst í kirkjuklukkum í fjarska og öfl hins illa leggja á flóttu. Músorgskíj var afar ánægður með verk sitt og sagði það vera „fullkomlega rússneskt“. Milíj Balakírev lærifaðir hans var á öðru máli og heimtaði breytingar. Músorgskíj tók mark á þessu og gerði fjölmargar breytingar á verkinu sem myndi æra óstöðugan að telja upp hér, en hann bað Balakírev aldrei framar um álit á verkum sínum.

*Sí hefur alls leikið fjórðu sinfóníu Tsjajkovskíjs 26 sinnum, síðast undir stjórn Rumons Gamba fyrr á þessu ári. Fyrstur til að stjórna verkinu hér á landi var Hermann Hildebrandt í Þjóðleikhúsinu 1950, en meðal annarra sem hafa haldið um sprotann eru Vladimir Ashkenazy árið 1975, Paul Zukofsky 1980, og Jorma Panula tíu árum síðar.*

PJOTR TSJAJKOFSKÍJ

Sinfónía nr. 4



Fjórða sinfónía Pjotr Tsjajkovskíjs (1840–1893) hefur löngum verið talin að einhverju leyti „sjálfsævisöguleg“ og skipar sér þannig í hóp verka á borð við fimmtu sinfóníu Beethovens og Draumórasinfóníu Berliozar. Enda varla hægt að hugsa sér annað en að hin drama-tíska atburðarás ársins 1877 hafi að einhverju leyti sett mark sitt á tónsköpun Tsjajkovskíjs. Í desember 1876 hóf tónskáldið bréfaskipti við auðuga ekkju að nafni Nadezhda von Meck, sem var mikill tónlistarunnandi og sérlega hrifin af Tsjajkovskíj og tónlist hans. Í fjórtán ár skrifuðust þau á og frú Meck styrkti tónskáldið um 500 rúblur á mánuði en með einu skilyrði þó: að þau

hittust aldrei. Aldrei hvikaði hún frá þessari kröfu sinni jafnvel þótt kringumstæður væru næsta fráleitar. Þegar frænka Tsjajkovskíjs giftist Nikolaj von Meck, syni frúarinnar, lét ekkjan sig vanta í brúðkaupið fremur en eiga það á hættu að rekast á tónskáldið sem hún dáði svo mjög.

Fjórða sinfónían var fyrsta tónverkið sem Tsjajkovskíj samdi eftir að bréfast kynni tókust með honum og frú Meck, og í bréfum sínum til hennar talar hann iðulega um „sinfóníuna okkar“. Það voru þó ekki tilskrif ekkjunnar sem gerðu Tsjajkovskíj lífið óbærilegt snemma árs 1877, heldur bréf sem honum barst frá hinni ungu Antonínu Ívanovnu Miljúkóvu, fyrrum nemanda hans við Tónlistarháskólann í Moskvu. Í því játaði hún ást sína – á ekki ósvipaðan hátt og Tatjana í sögu Púskins um *Jevgéni Ónegin*, sem Tsjajkovskí var einmitt að snúa í óperu um sama leyti – og hóttaði að binda enda á líf sitt ef hann ekki kvæntist henni. Tsjajkovskíj, sem hneigðist til karla, lét til leiðast, en hjónabandið var hreinasta martröð og stóð raunar ekki nema í tvær vikur. Sagan segir eitt kvöldið hafi hann staðið svo klukkutímum skipti í ánni Moskvu, staðráðinn í að drepa sig úr kulda.

Það var í aðdraganda hins ógæfusama hjónabands sem Tsjajkovskíj samdi „örlaga-sinfóníuna,“ og skýringin sem hann gaf frú Meck á innihaldi fyrsta þáttar er nokkuð augljós vísun í atburði líðandi stundar. Hér eigast við tvö öfl, maðurinn og örlög hans, „þetta óstöðvandi afl sem hindrar hamingju okkar.“ Í upphafi hljómar dramatískur lúðrablastur – örlagastefið sjálft – en aðalstef kaflans (*Moderato con anima*) er sögu-hetjan/tónskáldið. Togstreitan á sér stað á ýmsum sviðum. Tónlistarfræðingurinn

---

Richard Taruskin hefur bent á að bæði stefin eru dansar – lúðrastefið er pólónesa og strengjastefið vals – og eins og Tsjajkofskíj nóterar tónlistina samsvara þrír taktar af valsinum (9/8) einum takti af pólónesu (3/2). Þannig tekst honum að ná fram sérlega áhrifamiklum hápunkti í úrvinnsluhluta fyrsta kaflans, þegar einstaklingurinn og örlög hans „rekast“ hvort á annað. Að lokum virðist sem örlögin hafi haft sigur í viðureigninni. Þegar valsinn hljómar undir lok þáttarins eru nóturnar þrisvar sinnum hægari en áður – þ.e.a.s. valsastefið hljómar í tempói örlagastefsins. Með öðrum orðum: örlögin hafa gripið í taumana og náð söguhetjunni á sitt vald.

Síðari þættir símfóníunnar eru með öllu hefðbundnara sniði. Hægi þátturinn er tregafullur með eftirminnilegu óbóstepi í upphafi, en scherzó-þátturinn er frægastur fyrir pizzicato-notkun í ytri köflunum. Í lokþættinum er rússneskt þjóðlag („Á akrinum stóð birkitré“) í aðalhlutverki, og ekki í fyrsta sinn. Tvær af þremur fyrri símfóníum Tsjajkofskíjs höfðu notað þjóðlög sem efnivið í lokþátt, og Mily Balakirev hafði auk þess notað birkitréslagið í *Forleik um rússnesk stefárið* 1858.

**ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON**



## HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 2. OKTÓBER 2010

---

### Mussorgsky:

#### Nótt á Nornastóli

#### 1. fiðla

Ísak Ríkharðsson  
Pétur Björnsson  
Hlér Kristjánsson  
Þuríður Helga Ingvarsdóttir  
Guðbjartur Hákonarson  
Hafsteinn Guðmundsson  
Sólrun Franzdóttir Wechner  
Eva Björk Gunnarsdóttir  
Alma Katrín Einarsdóttir  
Herdis Mjöll Guðmundsdóttir  
Ester Petra Gunnarsdóttir  
Maksymilian Haraldur Frach  
Sólveig Vaka Eyþórsdóttir  
Nína Lea Z. Jónsdóttir

#### 2. fiðla

Sigrún Harðardóttir  
Chrissie Telma Guðmundsdóttir  
Sólveig Steinþórsdóttir  
Fífa Jónsdóttir  
Steinunn Arinbjarnardóttir  
Hekla Finnsdóttir  
Fjóla Ósk Þórarinsdóttir  
Marín Ingibjörg McGinley  
Stefanía Gunnarsdóttir  
Steinunn Atladóttir  
Jóhanna Jóhannsdóttir  
Irena Sylvia Roe  
Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
Hringur Ásgeir Sigurðarson

#### Vióla

Sigríður Mjöll Björnsdóttir  
Stefanía Bergljót Stefánsdóttir  
Sólrun Sigurðardóttir  
Vera Sjöfn Ólafsdóttir  
Hrefna Rós Hlynsdóttir  
Ásta Kristín Pjetursdóttir  
Karen Eik Sigurðardóttir  
Embla Þorfinnsdóttir

### Selló

Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir  
Sólveig Birna Júlíusdóttir  
Bryndís Helga Ellertsdóttir  
Heiður Lára Bjarnadóttir  
Ingunn Erla Kristjánsdóttir  
Sigríður Kristjana Ingimarsdóttir  
Sólrun Halla Einarsdóttir  
Steiney Sigurðardóttir

### Kontrabassi

Roine Hultgren  
Wolfgang Hesse  
Aron Jakob Jónasson  
Bára Gísladóttir  
Páll Hannesson  
Þórir Jóhannsson

### Flauta

Nína Hjördís Þorkeldsdóttir  
Edda Lárusdóttir  
Björg Brjánsdóttir

### Óbó

Guðrún Másdóttir  
Gillian Haworth

### Klarinett

Baldvín Ingvar Tryggvason  
Stefán Ólafur Ólafsson  
Kristín Edda Egilsdóttir

### Fagott

Bryndís Þórsdóttir  
Ásthildur Ákadóttir

### Horn

Rakel Björt Helgadóttir  
Berggrún Snæbjörnsdóttir  
Halldór Bjarki Arnarson  
Arve Eriksson  
Hlín Þórhallsdóttir

### Trompet

Elísa Guðmarsdóttir  
Anna Marín Þórsdóttir  
Hulda Lilja Hannesdóttir  
Valdís Þorkeldsdóttir

### Básúna

Harpa Jóhannsdóttir  
Einar Bjarni Björnsson  
Finnbogi Darri Guðmundsson  
Haraldur Þrastarson

### Túba

Lai Tak Chun

### Harpa

Katie Buckley

### Pákur

Jón Geirfinnsson

### Slagverk

Emil Þorri Emilsson  
Þórhallur Arnar Vilbergsson  
Þorvaldur Bollason

## HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 2. OKTÓBER 2010

---

### Tchaikovsky: Sinfónía nr. 4

#### 1. fiðla

Pétur Björnsson  
Ísak Ríkharðsson  
Hlér Kristjánsson  
Þuríður Helga Ingvarsdóttir  
Sólveig Vaka Eypórsdóttir  
Nína Lea Z. Jónsdóttir  
Sólrún Franzdóttir Wechner  
Eva Björk Gunnarsdóttir  
Alma Katrín Einarsdóttir  
Herdis Mjöll Guðmundsdóttir  
Ester Petra Gunnarsdóttir  
Maksymilian Haraldur Frach  
Guðbjartur Hákonarson  
Hafsteinn Guðmundsson

#### 2. fiðla

Sigrún Harðardóttir  
Chrissie Telma Guðmundsdóttir  
Sólveig Steinþórsdóttir  
Fífa Jónsdóttir  
Steinunn Arinbjarnardóttir  
Hekla Finnsdóttir  
Fjóra Ósk Þórarinsdóttir  
Marín Ingibjörg McGinley  
Stefanía Gunnarsdóttir  
Steinunn Atladóttir  
Jóhanna Jóhannsdóttir  
Irena Sylvia Roe  
Þórdís Björt Sigþórsdóttir  
Hringur Ásgeir Sigurðarson

#### Víóla

Sigríður Mjöll Björnsdóttir  
Stefanía Bergljót Stefánsdóttir  
Sólrún Sigurðardóttir  
Vera Sjöfn Ólafsdóttir  
Hrefna Rós Hlynisdóttir  
Ásta Kristín Pjetursdóttir  
Karen Eik Sigurðardóttir  
Embla Þorfinnsdóttir

#### Selló

Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir  
Sólveig Birna Júlíusdóttir  
Bryndís Helga Ellertsdóttir  
Heiður Lára Bjarnadóttir  
Ingunn Erla Kristjánsdóttir  
Sigríður Kristjana Ingimarsdóttir  
Sólrún Halla Einarsdóttir  
Steiney Sigurðardóttir

#### Kontrabassi

Roine Hultgren  
Wolfgang Hesse  
Aron Jakob Jónasson  
Bára Gísladóttir  
Páll hannesson  
Þórir Jóhannsson

#### Flauta

Nína Hjórdís Þorkelsdóttir  
María Ösp Ómarsdóttir  
Edda Lárusdóttir

#### Óbó

Guðrún Másdóttir  
Gillian Haworth

#### Klarinett

Magnús Pálsson  
Baldvin Ingvar Tryggvason

#### Fagott

Bryndís Þórsdóttir  
Björg Brjánsdóttir

#### Horn

Halldór Bjarki Arnarson  
Hlín Þórhallsdóttir  
Bergrún Snæbjörnsdóttir  
Arve Eriksson  
Rakel Björt Helgadóttir  
Erla Axelsdóttir

#### Trompet

Valdís Þorkelsdóttir  
Hulda Lilja Hannesdóttir  
Anna Marín Þórsdóttir  
Elísa Guðmarsdóttir

#### Básúna

Finnbogi Darri Guðmundsson  
Einar Bjarni Björnsson  
Harpa Jóhannsdóttir  
Haraldur Prastarson

#### Túba

Lai Tak Chun

#### Þákur

Jón Geirfinnsson

#### Slagverk

Emil Þorri Emilsson  
Þórhallur Arnar Vilbergsson  
Þorvaldur Bollason

samstarfsaðilar

---



Borgun er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands

# BORGUN

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | [www.borgun.is](http://www.borgun.is)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Chaplin

Nokkur af meistaraverkum Charlie Chaplin við  
lifandi undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands



ADALSTYRKARADÍLAR

BORGUN



Morgunblaðið

## CHAPLIN-BÍÓTÓNLEIKAR

Fim. 11.11.10 » 20:00

• **Charles Chaplin:** *Borgarljós (City Lights)*

**Frank Strobel** hljómsveitarstjóri

Horfðu á eitt af meistaraverkum Chaplins og njóttu um leið lifandi flutnings Sinfóníunnar undir stjórn Frank Strobel, eins helsta sérfræðings heims á sviði kvikmyndatónlistar. **Miðaverð er 2.500 kr.**

Tryggðu þér miða á [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)  
eða í síma 545 2500.

## BARNABÍÓ MEÐ CHAPLIN

Lau. 13.11.10 » 14:00 **ÖRFÁ SÆTI LAUS**

Lau. 13.11.10 » 17:00

• **Charles Chaplin:** *Hundalíf (A Dog's Life)*

• **Charles Chaplin:** *Iðjuleysingjarnir (The Idle Class)*

**Frank Strobel** hljómsveitarstjóri

Yngsta kynslóðin á skilið að kynnast Chaplin við bestu aðstæður. Tilvalin skemmtun fyrir alla fjölskylduna. **Miðaverð er 1.700 kr.**